

því, að slíkur maður geti búið við þær ástæður, að hæfileikar hans fái betur notið sín. Enginn þeirra ungu íslensku rit höfunda, sem mér er kunnugt um, ritar betra mál en Þorsteinn Jónsson. Er slíkt að rekja til ljósrar hugsunar. En hinsvegar hefir gott mál meiri þýðingu fyrir hugsunina en menn hafa gert sér ljóst. Hefir mér jafnvel verið að koma í hug, að það sé að verulegu leyti að rekja til þess, hversu nýju málin eru aflagaðri og óskynsamlegri í eðli en gríska, latína og íslenska, að framfarir í heimspeki hafa verið svona lítilfjörlegar, miðað við hið stórkostlega upphaf, sem spekingarnir grísku höfðu eftirlátið seinni kynslóðum, og að það skuli vera hér í fásinninu á Íslandi, sem fyrst hefir þó auðnast að meta spekingana grísku til fulls, og sjá fram á, hver er leiðin til að ná því marki, sem stefna verður að eða farast ella, og einungis verður náð með samtökum alls mankyns.

16.—17. sept. 1942.

31. Hugmyndir stórkálds um guð og lífið eftir dauðann

I

Kvæði Einars Benediktssonar „Dagurinn mikli“ (Hrannir, s. 40) er vitanlega mikill skáldskapur, en þó eru þær hugmyndir, sem koma þar fram um lífið eftir dauðann, svo fjarri réttu, að ástæða er til að vara við þeim. Því að ekkert getur verið vitlausara en að halda, að á sama standi, hvaða hugmyndir menn gera sér um það efni.

„Daglauna öreigi er dauður í kvöld“, segir skáldið, og „nú sér hann, nú sér hann hvað eilífðin er“.

Því fer mjög fjarri að þetta sé rétt. Nýlátinn maður veit vanalega mjög lítið framyfir það, sem hann vissi í lífinu hér á jörðu. Að vísu væri það nú mikill vitauki að vita, að maðurinn lifir þrátt fyrir dauðann, og á jörð eins og áður, og líkamlegur eins og áður. En þetta verður fæstum ljóst fyrst í stað. Hið algengasta virðist vera, að þegar menn rakna við úr dauðadáinu, líður nokkur tími áður en þeir átta sig á því, að þeir hafa dáið og ennþá lengri tími fer í að láta sér skiljast, að hið nýja líf þeirra er framhald af hinu fyrra, ekki

andalíf í andaheimi, eins og flestir búast við, sem á annað borð trúá á líf eftir dauðann, heldur líkamlegt líf og jarðneskt.

Ennfremur segir skálđið:

Einstaklingsveran örend og kvík
á að hjaðna sem bóla og ryk.

Petta er þveröfugt við sannleikann. Einstaklingsveran á að vaxa fram til fullkomunnar. En því lengra sem komið er á þeirri leið, því meiri verður samstillingin við aðrar einstaklingsverur. Þar er sá sannleikur, sem býr undir kenningunni um heilaga þrenningu, eða þríeinan guð, þeirri kenningu, sem svo margir hinir ágætustu menn hafa verið tregir til að trúá og sjálfur Goethe kvað svo um: „Es war der Brauch zu allen Zeiten, durch drei und eins und eins und drei, Irrtum statt Wahrheit zu verbreiten“: Það hefir löngum tíðkast að breiða út villu í stað sannleika með einu og þrennu og þrennu og einu.

Jafnvel Goethe grunaði ekki, að þessi kenning mundi hafa nokkurn sannleik við að styðjast, enda var á hans dögum miklu torveldara að átta sig á þessu en á vorum tínum, þegar vísindunum er orðið svo vel kunnugt um hina miklu og furðulegu samstillingarviðleitni, sem ræður einnig í hinni lifandi náttúru, að sú ályktun er beinlínis óumflýjanleg, að ef til eru miklu æðri verur en mennirnir hér á jörðu — og um það verður ekki efast — þá muni þær vera miklu samstilltari en mennirnir. Þar sem eru goðasögur hinna ýmsu trúarbragða höfum vér nú einmitt nokkrar fréttir af æðri verum alheimsins, og þó að mikið skorti á jafnan, að þær fréttir séu réttar og sannar, þá gægist sannleikurinn þó í gegn hér og hvar, og þá ekki síst ýmislegt, er að hinni auknu samstillingu lýtur. Eins og sagan um megingjarðir Þórs, en „er hann spennir þeim um sik, þá vex honum ásmegin hálfu“. Það sem sagt er frá, er að Þór eykst afl fyrir samband við Æsi aðra. Ásmegin er hið furðulega afl hvers einstaks guðs, sem er afleiðing þess orkusambands, sem komið er á þeirra á milli.

II

Þá er enn ástæða til að benda á það, að skáldið lítur of smátt á guð, þegar hann segir: „Vetrarbrautin er belti um hans miðju“. Að vísu er Vetrarbrautin svo stórkostlegt sólnasafn, að hún er 300 milljónir ára að snúast einu sinni um sjálfa sig, og geisast þó sólirnar áfram með hundraða kílómetra hraða á hverri sekúndu. En Vetrarbrautin er aðeins eitt heimshverfi af svo mörgum slíkum, að talið er að menn viti nú af nálægt 2 milljónum. Og stjörnufræðingar hyggja, að þegar farið verður að nota hina risavöxnu stjörnusjá, sem nú er búið að setja upp á Palomarfjalli, þá muni talan komast upp í 100 milljónir, og mundi þó enginn láta sér til hugar koma, að með því væri komið að endimörkum stjörnuheimsins. Miklu fremur hitt, að réttara væri að segja, þegar miðað er við stærð alheimsins, að ennþá væri ekki komið út fyrir nágrennið.

5. okt. 1941.

32. *Eðli kraftaverka*

Í hinni skemmtilegu grein Guðmundar Jónssonar um Einar Benediktsson í Lesbók Morgunblaðsins 20. apríl stendur þetta: „Á þennan hátt sagði hann (E. B.) að öll kraftaverk gerðust. Mennirnir hefðu ekki kraftinn á valdi sínu ennþá, en af tilviljun yrðu þeir einstöku sinnum fyrir honum, og þá gerðust undrin. Sá eini sem hefði haft kraftinn á valdi sínu, var Kristur. Hann gat tekið til hans hvenær sem viðeigandi var að gera kraftaverk“.

Eftir guðspjöllunum að dæma — og aðrar heimildir höfum vér, eins og kunnugt er, ekki — þá er þetta ekki rétt. Í guðspjöllunum kemur í ljós, og á þann hátt sem mjög miðar til að auka traustið á sannleiksgildi frásagnarinnar, að einnig hjá Jesú var hæfileikinn til að gera kraftaverk, háður stillilögðmálinu. Í bænum, þar sem Jesús var upp vaxinn, gat hann engin kraftaverk gert, af því að þar trúðu menn ekki á hann. Er mjög fróðlegt að veita því eftirtekt, hvernig þessi sannleikur kemur fram í öllum guðspjöllunum, þó að mismunandi ljóslega sé, eins og ég hefi sýnt fram á í þeim kafla Framnýals, sem heitir Saga Jesú.

21. apríl.